

Ársskýrsla Landsmenntar



Ársskýrsla Landsmenntar 2011

Fræðslusjóður SA og SGS á landsbyggðinni

5/23/2012



Starfsgreinasamband
Íslands



SAMTÖK
ATVINNULÍFSINS

Efnisyfirlit:

Formáli.....	2
Almennar upplýsingar	3
Úthlutun styrkja.....	4
Fyrirtækjastyrkir	5
Samningur um eigin fræðslu	7
Einstaklingsstyrkir.....	7
Fræðsla og kynningarstarf.....	13
Tíu ára afmælishátíð Landsmenntar og Starfsafls	14
Fjárhagur Landsmenntar	15
Lokaorð.....	16

Fylgiskjöl:

- Verkefnayfirlit (styrkloforð stjórnar 2011)
- Rekstrarreikningur 2011
- Efnahagsreikningur 2011

Formáli

Í þessari ársskýrslu verður birt yfirlit yfir starfsemi Landsmenntar fyrir starfsárið 2011. Gerð er grein fyrir helstu viðfangsefnum ársins ásamt því að farið er yfir verkefni sem hafa verið styrkt, jafnt þeirra sem unnin voru hjá fyrirtækjum eða stéttarfélögum sem og þeirra sem einstaklingsstyrkir voru notaðir til.

Gerð verður grein fyrir fræðslu- og kynningarstarfi á vegum sjóðsins, átaksverkefni og þeim ráðstefnum sem starfsmenn hafa sótt.

Landsmennt er fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni. Aðildarfélögin eru 16 og er þar um að ræða stéttarfélög innan Starfsgreinasambands Íslands á landsbyggðinni.

Helstu verkefni Landsmenntar eru að sinna stuðningsverkefnum og þróunar-og hvatningaraðgerðum í starfsmenntun. Sjóðnum er ætlað að styrkja rekstur námskeiða og stuðla að nýjungum í námsefnisgerð ásamt því að veita einstaklingum, verkalýðsfélögum og fyrirtækjum beina styrki vegna sí-og endurmenntunar.

Einstaklingar sækja um styrki á þar til gerðum eyðublöðum til viðkomandi stéttarfélags sem sér um afgreiðslu þeirra í umboði Landsmenntar.

Fyrirtæki, stéttarfélög og eða fræðsluaðilar sækja um styrki til stjórnar Landsmenntar með því að senda rafræna umsókn sem er aðgengileg á heimasíðu, þar er hægt að koma á framfæri helstu upplýsingum vegna viðkomandi fræðsluverkefnis. Á árinu var sameiginlegt umsóknareyðublað fræðslusjóðanna Landsmenntar, Starfsafls og Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks endurbætt í ljósi þeirrar reynslu sem áunnist hafði við notkun þess. Það eyðublað auðveldar fyrirtækjum mjög mikið umsóknarferlið til þessara þriggja sjóða þegar um er að ræða umsókn í verkefni sem tilheyrir þeim öllum. Fyrirtæki geta þá fyllt út eina umsókn sem fer á alla sjóðina.

Upphaf fræðslusjóðsins má rekja til samkomulags sem gert var samhliða kjarasamningum sem undirritaður var 13. apríl árið 2000 á milli Samtaka atvinnulífsins, Verkamannasambands Íslands og Landssambands iðnverkafólks. Sjóðurinn átti því 10 ára afmæli árið 2010, en haldið var uppá afmælið í mars 2011 með glæsilegri afmælishátíð í samstarfi við Starfsafl, systursjóð Landsmenntar, enda hófst formleg starfsemi sjóðsins 1. janúar 2001.

Almennar upplýsingar

Aðsetur Landsmenntar

Skrifstofa Landsmenntar, Sveitamenntar og Ríkismenntar flutti frá Skeifunni 8 í húsnæði við Ofanleiti 2, fimmtu hæð (áður húsnæði Háskóla Reykjavíkur), en þar eru einnig til staðar Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Starfsmennt fræðslusetur og Fagráð verslunar- og þjónustugreina. Þá má geta þess að Mímir-Símenntun hefur sitt aðsetur á þriðju hæð hússins. Sennilega má halda því fram að aldrei áður hafa jafnmargir aðilar sem sinna framhaldsfræðslu verið undir sama þaki, sem er mjög mikið ánægjuefni. Í húsinu er góð aðstaða til fundarhalda og nýta sjóðirnir þá aðstöðu. Þá er góð aðstaða til fjarfundahalda sem stjórn Landsmenntar nýtir ef þurfa þykir. Augljós sparnaður verður með notkun þessarar tækni ásamt því að nýta fundarsíma símans.

Heimasíða Landsmenntar er www.landsmennt.is og er það markmið að veita réttar og skilmerkilegar upplýsingar um starfsemi sjóðsins, úthlutunarreglur og starfsreglur. Einnig eru settar þar inn tilkynningar og fréttir ásamt gögnum um starfsemi sjóðsins. Á heimasíðu sjóðsins eru aðgengileg rafræn umsóknareyðiblöð fyrir stéttarfélög, fyrirtæki og fræðsluaðila sem og fyrir einstaklinga.

Stjórn og starfsmenn

Framkvæmdastjóri Landsmenntar er og hefur verið frá upphafi Kristín Njálsdóttir og stýrir hún einnig rekstri Ríkismenntar SGS og Sveitamenntar SGS og LN skv. þjónustusamningi þar um á milli sjóðanna. Lena Nilsen, starfsmaður hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) lét af störfum fyrir sjóðina á árinu en hún hefur séð um að sinna ýmsum tilfallandi verkefnum undanfarin misseri. Henni eru þökkuð vel unnin störf. Eyjólfur Bragason var fastráðinn til sjóðanna sem verkefnastjóri í maí 2011.

Stjórn Landsmenntar er skipuð sex fulltrúum, þeir eru:

Frá Starfsgreinasambandi Íslands:

- Aðalsteinn Á. Baldursson, formaður stjórnar og formaður Framsýnar stéttafélags.
- Hjördís Þ. Sigurþórsdóttir, formaður Afls starfsgreinafélags.
- Skúli Thoroddsen lét af störfum um mitt ár sem framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands og þá um leið sem stjórnarmaður Landsmenntar og eru honum þökkuð vel unnin störf fyrir sjóðinn. Ásgerður Pálsdóttir, formaður Samstöðu stéttarfélags tók sæti hans í stjórn.

Varamenn: Matthildur Sigurjónsdóttir, varaformaður Einingar lðju og Vilhjálmur Birgisson, formaður Vfl. Akraness.

Frá Samtökum atvinnulífsins:

- Arnar Sigurmundsson, formaður stjórnar Samtaka fiskvinnslustöðva, varaformaður stjórnar Landsmenntar.

- Guðrún Eyjólfsdóttir, verkefnastjóri hjá Samtökum atvinnulífsins.
- Unnur Halldórsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri Hótel Hamars í Borgafirði.

Varamenn: Ragnar Árnason, starfsmaður hjá Samtökum atvinnulífsins.

Endurskoðun reikninga Landsmenntar

Löggildir endurskoðendur reikninga sjóðsins eru frá Deloitte en umsjón með bókun reikninga og greiðslu launa er hjá fyrirtækinu Fjárstoð ehf.

Stjórnarfundir

Stjórnin hélt 11 fundi á árinu sem ýmist voru haldnir í Skeifunni 8/ Ofanleiti 2 eða í fundarsíma Símans og á stundum var gripið til fjarfundabúnaðarins. Þá voru haldnir samráðsfundir sjóða m.a. með Starfsafli og Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks.

Úthlutun styrkja

Líkt og undanfarin ár er verkefnum sjóðsins skipt niður í styrki til fyrirtækja, stéttarféлага og fræðsluaðila ásamt þróunarverkefnum og þátttöku í námsgagnagerð og síðan einstaklingsstyrkjum til ýmissa námskeiða eða náms.

Styrkir Landsmenntar til einstaklinga

Styrkur til hvers félagsmanns er hámarki kr. 60.000.- á hverju almanaksári nema þegar um er að ræða styrk vegna aukinna ökuréttinda og þriggja ára ónotaðan rétt til styrks. Nánari upplýsingar um einstaklingsstyrki er að finna í sérstökum bæklingi sem Landsmennt gefur út og á heimasíðu sjóðsins landsmennt.is

- Félagsmaður sem hefur unnið a.m.k. 6 af síðustu 12 mánuðum og greitt til aðildarsfélags Landsmenntar á þeim tíma á rétt á styrk.
- Fylla þarf út umsóknarblað og skila ásamt reikningi/kvittun til viðkomandi stéttarfélags. Umsókn þarf að berast viðkomandi stéttarfélagi innan 12 mánaða frá því að námi/námskeiði lauk.
- félagsmenn í atvinnuleit halda áunnum rétti sínum eins og hann var við starfslok ef þeir velja að greiða stéttarfélagsgjöld af atvinnuleysisbótum.
- Styrkur vegna aukinna ökuréttinda er kr. 100.000.-
- Veittir eru einstaklingsstyrkir vegna frístunda-/tómstundanámskeiða og er endurgreiðsla vegna þeirra 50% á ári en að hámarki kr. 18.000.- og dregst jafnframt af heildarupphæð einstaklingsstyrks.
- Félagsmenn sem ekki hafa nýtt sér rétt sinn síðustu þrjú ár, eiga rétt á styrk allt að kr. 180.000.- fyrir eitt samfelld nám/námskeið skv. reglum sjóðsins.

Styrkir Landsmenntar til fyrirtækja, félaga og fræðsluaðila

Fyrirtæki geta sótt um styrk til Landsmenntar til námskeiðshalds fyrir starfsmenn sem jafnframt eru félagsmenn í einhverju þeirra 16 verkalýðsfélaga utan höfuðborgarsvæðisins, sem eiga aðild að Starfgreinasambandi Íslands.

Styrkurinn getur numið 75% af kostnaði vegna verkefna sem sótt er um hjá fyrirtækjum sem eiga aðild að Samtökum atvinnulífsins (SA). Fyrirtæki utan SA fá 67,5% vegna slíkra verkefna (90% af 75%).

Landsmennt býður fyrirtækjum upp á verkefnið Fræðslustjóra að láni. Fyrirtækið fær þá mannauðsráðgjafa til sín sem fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins, dregur fram það sem vel er gert, greinir fræðsluþörf og samhæfir nýjar hugmyndir að fræðslu við það sem þegar er til og útbýr fræðsluáætlun í samvinnu við stjórnendur og starfsmenn.

Fyrirtækjastyrkir

Fjöldi styrkloforða á árinu voru til 108 verkefna sem er töluverð fjölgun frá fyrra ári eða um 40%. Samþykkt styrkloforð vegna þessara verkefna námu rúmlega 28 milljónum króna og fjöldi þátttakenda á bak við verkefnin eru um 2400 manns. Af þessum verkefnum hafa 78 verið gerð upp á árinu fyrir rúmar 22 milljónir króna auk verkefna frá fyrra ári en samtals voru greiddir út styrkir til fyrirtækja, stéttarféлага og fræðsluáðila fyrir rúmar 27 milljónir króna skv. ársreikningi 2011.

Dæmi um helstu tegundir verkefna eru eftirfarandi:

Starfstengt nám í matvælaíðnaði

Verkstjórnarnámskeið

Nýliðafræðsla

Dyravarðarnámskeið

Sjúkraflutningaskólinn

Íslenskunámskeið fyrir útlendinga, almenn og starfstengd

Þjónustunámskeið

Samskiptanámskeið/bætt líðan á vinnustað

Öryggis- og skyndihjálparnámskeið

Fjarskiptanámskeið

Starfatengd námskeið í iðnaði


Hópeflisnámskeið

Lengra starfsnám skv. námskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (t.d. Færni í ferðaþjónustu, Jarðlagnatækni, Fjölverkjanám, Landnemaskólinn, Aftur í nám, Grunnmenntaskólinn, o.fl.)

Menntasmiðjur símenntunarmiðstöðva og stéttarféлага

Þarfagreiningar (MARKVISS) fyrir fræðslu

Fræðslustjóri að láni - fræðsluáætlanir – fræðslustefna



Mynd 1. Myndin sýnir þróun á fjölda afgreiddra styrkloforða til fyrirtækja, félaga og fræðsluaðila.

Fræðslustjóri að láni

Verkefnið „Fræðslustjóri að láni“ byggist á að lána mannauðsráðgjafa til fyrirtækja samkvæmt samningi við hlutaðeigandi fræðslusjóði.

Samstarf fræðslusjóðanna Landsmenntar, Starfsafls og Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks (SVS) um verkefnið Fræðslustjóri að láni hefur gengið vel og þá er einnig mikil ánægja með sameiginlegt umsóknarblað sjóðanna. Eftirtalin verkefni voru unnin á árinu:

- Fræðslustjóri að láni fyrir Olís, Olíverzlun Íslands. Í samvinnu við áðurnefnda sjóði. Markviss-ráðgjafar símenntunarstöðva á landsbyggðinni voru ráðnir til verksins. Umsjón með verkefninu hafði Birna V. Jakobsdóttir, markvissráðgjafi hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.
- Fræðslustjóri að láni fyrir Hallgerði ehf. en það fyrirtæki rekur Hótel Rangá, Hálendismiðstöðina Hrauneyjum, Hótel Háland og Hótel Skóga. Ragnar Matthíasson, mannauðsráðgjafi var ráðinn til verksins.
- Fræðslustjóri að láni fyrir Glerverksmiðjuna Samverk ehf. á Hellu. Ragnar Matthíasson, mannauðsráðgjafi var ráðinn til verksins.
- Fræðslustjóri að láni fyrir Ölfus ehf. - Hótel Selfoss. Ragnar Matthíasson, mannauðsráðgjafi var ráðinn til verksins.
- Fræðslustjóri að láni fyrir Einhamar Seafood ehf. Grindavík. Ragnar Matthíasson, mannauðsráðgjafi var ráðinn til verksins.




Frá undirritun samninga hjá Einhamar Seafood ehf. í Grindavík og hjá Ölfus ehf. Hótel Selfossi

Samningur um eigin fræðslu


Landsmennt gerði samning við Glófa ehf., Olíuverzlun Íslands hf., N1, Íslenska Gámafélagið og Hreint ehf. um eigin fræðslu fyrirtækjanna. Um er að ræða fjárhagslegan stuðning skv. reglums sjóðsins frá árinu 2009. Talað er um innanhúsfræðslu þar sem kennarar/leiðbeinendur eru jafnframt starfsmenn fyrirtækisins og er oftast um ræða sérhæfða fræðslu sem ekki er hægt að kaupa frá öðrum fræðsluaðilum.

Einstaklingsstyrkir

Einstaklingsstyrkjum hefur verið úthlutað frá því að starfsemi Landsmenntar hófst. Í ljósi þess að haldið var upp á þau merku tímamót á árinu, að starfsemin spannar nú yfir rúmlega einn áratug, er fróðlegt að sjá tölulegar upplýsingar um þróun á fjölda styrkja til einstaklinga og einnig hvernig meðaltal úthlutaðra styrkja í krónum talið hefur þróast.




Mynd 2. Myndin sýnir að fjöldi styrkja hefur haldist nokkuð jafn sl. ár.




Mynd 3. Meðaltal upphæðar úthlutaðra styrkja pr. einstakling hefur hækkað nokkuð yfir tímabilið.

Einstaklingsstyrkir árið 2011 voru 1704 en 1614 árið 2010 og hefur þeim því fjölgað um 5,6% á milli ára. Heildarupphæð greiddra einstaklingsstyrkja á árinu er kr. 61.283.802.- og hefur sú upphæð hækkað um rúmar 14 milljónir á milli ára. Meðaltal per einstakling er kr. 35.965.- en var að meðaltali kr. 28.874.- per. einstakling 2010, hækkunin nemur 7 þús. kr. Hér á eftir fylgja nokkrar tölfræðilegar skýringarmyndir á fjölda einstaklingsstyrkja og dreifingu þeirra á kyn, aldur, aðildarfélög/landshluta og tegundir námskeiða/náms.


Þá voru teknar saman upplýsingar um úthlutun á styrkjum til einstaklinga sem áttu inni þriggja ára geymdan rétt (180.000) en það eru styrkir skv. samþykkt stjórnar fyrir árið 2010. Það tók félagsmenn aðildarfélaga greinilega heilt ár að átta sig almennilega á þessari rýmkun á reglum um einstaklingsstyrki. Félagsmenn 11 aðildarfélaga nýttu sér þennan rétt á árinu 2011 og var samtals 74 slíkum styrkjum úthlutað. Greidd meðaltalsupphæð þessara styrkja var kr. 129.137.- pr. einstakling og má ætla að þessir styrkir hafi haft nokkur áhrif á hækkun meðaltalsupphæðar greiddra einstaklingsstyrkja í heild á þessu ári.




Mynd 4. Hér má sjá hvernig styrkir skiptast á milli aðildarféлага á árinu 2011



Mynd 5. Hér má sjá samantekt einstaklingsstyrkja og hvernig þeir dreifast á landshluta. Þessi mynd sýnir ekki mikla breytingu á milli ára og helst nokkurn veginn í hendur við hvar mesti fjöldi félagsmanna Landsmenntar er staðsettur.




Mynd 6. Myndin sýnir hvernig veittir styrkir skiptast á milli kynja. Þetta er örlítill breyting þar sem konum hefur fjölgað um 2% á milli ára á kostnað karla.



Mynd 7. Á myndinni sést hvernig styrkir skiptast á milli aldurshópa. Helstu breytingar hér eru að það fækkar í hópnum 31-40 ára um 3% að öðru leiti er dreifingin nánast óbreytt á milli ára.

Flokkun einstaklingsstyrkja eftir tegundum náms 2011



Mynd 8. Hér hefur fjölgað þeim einstaklingum sem sækja í framhaldsskóla var 14% árið 2010 en er 19% 2011. Einnig er sú breyting að það fækkar þeim sem stunda starfsnám eða úr 20% árið 2010 í 14% 2011.



Fræðsla hjá starfsfólki Keahotels á Akureyri

Önnur verkefni Landsmenntar

RECALL - EQM

Landsmennt tekur þátt í verkefni í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, auk aðila frá fimm öðrum löndum í Evrópu. Sótt var um áframhaldandi styrk til Landsskrifstofu menntaáætlunar ESB vegna Leonardo da Vinci. Um er að ræða samstarfsverkefnið „European Quality Mark for non-formal learning providers – further development“. Verkefnið gengur út á áframhaldandi vinnu sem hófst árið 2002 um vottunarkerfi fræðsluaðila, en gæðamerkið EQM (European Quality Mark) varð til í framhaldi af þeirri vinnu. Áætlað er að verkefnið standi yfir í tvö ár og markmiðið er að koma EQM í notkun hjá fleiri Evrópuþjóðum en fræðsluaðilar á Íslandi eru þegar farnir að vinna eftir þessu vottunarkerfi.

Rafrænt farnám; Mobile learning

Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) fékk styrk úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslu til að þróa notkun á Rafrænu farnám; Mobile learning, sem gengur út á að nemendur nýta sér farsíma eða tölvur ásamt staðbundinni kennslu í námi. SAF vinnur verkefnið í samstarfi við Samtök verslunar og þjónustu (SVÞ), fræðslusjóðina Landsmennt, Starfsafl og Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks, Eflingu stéttarfélag og Fagráð í verslunar- og þjónustugreinum.



Frá fundi um verkefnið Mobile learning

Hópurinn fékk til landsins sérfræðing frá fyrirtækinu BEST í Austurríki en þeir hafa mikla reynslu á þessu sviði m.a. tók fyrirtækið þátt í samvinnuverkefni sem nefnist BLOOM (Bite sized opportunities on mobile devices) um rafrænt farnám í samstarfi við aðila í Bretlandi og Þýskalandi frá 2008 – 2009. Áætlað er að vinnu við þetta verkefni ljúki árið 2012.

Fundir og ráðstefnur

Starfsmenn á skrifstofu sjóðsins hafa tekið þátt í fjölda ráðstefna og málþinga/funda. Hér á eftir eru nokkrir af þessum viðburðum taldir upp.

- *Nýsköpun í menntun*, málþing á Menntadegi iðnaðarins haldið af Samtökum iðnaðarins á Grand Hóatél Reykjavík 9. febrúar.
- *Dagur menntunar í ferðaþjónustu*, markmið málþingsins var að ræða mikilvægi fræðslu og símenntunar starfsfólks í ferðaþjónustu. Samtök ferðaþjónustunnar stóð fyrir fyrir Degi menntunar í 5. sinn þetta árið sem var 18. febrúar á Hilton Reykjavík Nordica.
- *Menntakerfi fyrir alla - jafngildi og gæði náms.* „Hvenær hefur maður lært og hvenær hefur maður ekki lært?“ Ráðstefna haldin í BSRB húsinu 3. mars í umsjón Fræðslusetursins Starfsmenntar.
- *Fræðslumál sveitarfélaga og opinberra aðila á Austurlandi.* Fundur haldinn 30. mars í Fróðleiksmolanum, Búðareyri Reyðafirði í samstarfi Þekkingarnets Austurlands, Landsmenntar, Sveitamenntar, Ríkismenntar og Fræðslusetursins Starfsmenntar.
- *Aðalfundur SA* – Haldinn á Hilton Nordica 7. apríl
- *NVL ráðstefna um gæði menntunar*, haldin í Lundi, Svíþjóð 7.-8. september.
- *Fræðslufundur Trúnaðarráðs Einingar lðju*, haldin á Akureyri 12. september
- *Aðalfundur Samtaka fiskvinnslustöðva*, haldin 23. september á Grand Hótel
- *KVASIR haustþing samtaka símenntunarmiðstöðva*, haldið á Mývatni 6.-7. október
- *Árþing Starfsgreinasambands Íslands*, haldið á Hótel Natura 13.-14. október
- *Málstofa NVL um náms-og starfsráðgjöf*, haldin á Nordica Hotel 3. nóvember
- *QALLL-ráðstefna*, haldin í Berlín 28. nóvember
- *Ársfundur og ráðstefna FA*, haldin á Hótel Natura 2. desember
- *Gæðaráðstefna NVL og Leonardo*, haldin á Nordica Hotel 9. desember

Fræðsla og kynningarstarf

Kynningarstarf er nauðsynlegur þáttur í starfi Landsmenntar. Lögð er áhersla á að á heimsíðu séu ávallt réttar upplýsingar um réttindi félagsfólks og því fluttar fréttir af starfi sjóðsins.

Landsmennt tók þátt í útgáfu á sérblaði um fræðslumál sem kom út með Fréttablaðinu. Þar voru skrifaðar greinar um framhaldsfræðslu og kynningar á því sem í boði er hverju sinni vítt og breytt um landið. Þá auglýsir sjóðurinn á hverri námsönn í námsvísum símenntunarmiðstöðvanna á landsbyggðinni en þeim er dreift inn á heimilin á landssvæðum miðstöðvanna. Einnig hafa starfsmenn sjóðanna tekið þátt í sérstökum kynningarviðburðum

og þá hafa starfsmenn einstakra aðildarféлага kynnt sjóðinn ásamt öðru sem gert er á vegum félaganna. Auk þessa hafa starfsmenn ritað greinar í félagsblöð aðildarféлага.

Starfsmenn fóru í heimsóknir vítt og breytt um landið en þær heimsóknir skila alltaf góðum árangri sem birtist í fleiri verkefnum. Þessar heimsóknir eru bæði ánægjulegar og um leið mikilvægasti þátturinn í kynningarstarfi sjóðsins.

Í öllu kynningarstarfi Landsmenntar er lögð áhersla á að dreifa bæklingum sem hafa að geyma upplýsingar um starfsemina. Ennfremur eru félagsmönnum og fyrirtækjum leiðbeint um hvernig þeir vinna umsóknir um styrki.

Nýir bæklingar Landsmenntar

Á haustdögum 2010 hófst vinna við gerð nýrra bæklinga fyrir Landsmennt, þeir voru gefnir út í mars 2011. Annars vegar er um að ræða endurnýjun upplýsingabæklinga fyrir einstaklinga og hins vegar útgáfa á nýjum bæklingi til fyrirtækja.

Einnig var gerður bæklingur um verkefnið „Fræðslustjóri að láni“ í samvinnu við Starfsafl og Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks.



Tíu ára afmælishátíð Landsmenntar og Starfsafls

Fræðslusjóðirnir Landsmennt og Starfsafl fögnuðu 10 ára starfsafmæli með velsótttri afmælisráðstefnu á Hótel Sögu 17. mars. Ráðstefnan tókst vel og voru þátttakendur um 100 manns sem komu víðs vegar af landinu.

Fundarstjóri var Maríanna Traustadóttir, fyrsti framkvæmdastjóri Starfsafls, og sinnti hún fundarstjórn með röggsemi og skemmtilegheitum.

Flutt voru sex stutt og fróðleg erindi og síðan stjórnaði Maríanna 30 mín. pallborði. Í lokin var ráðstefnugestum boðið upp á veitingar og skemmtun að norðan en Hundur í óskilum gerði nokkrum Evróvisjón lögum góð skil á sinn einstaka hátt sem enginn annar leikur eftir.



Berglind Freyja Búadóttir

Kolbeinn Gunnarsson, formaður Verkalýðsfélagsins Hlífar og stjórnarmaður í Starfsafl frá upphafi, steig fyrstur á svið og gerði grein fyrir aðdraganda og stofnun sjóðanna. Kristín Njálsdóttir, framkvæmdastjóri Landsmenntar og Sveinn Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Starfsafls, fóru yfir helstu verkefni sjóðanna frá upphafi og helstu áherslum í starfinu um þessar mundir. Aðalsteinn Á. Baldursson, formaður Framsýnar stéttarfélags og stjórnarformaður í Landsmennt, fór yfir sýn og áherslur stéttarféлага í fræðslumálum og þátt þeirra í starfi sjóðanna. Jón Þórir Frantzson, forstjóri Íslenska Gámafélagsins, fór yfir

fræðslustarf ÍGF og hvernig félagið hefur nýtt sér þjónustu Fræðslustjóra að láni sem sjóðirnir, ásamt Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks, buðu félaginu upp á. Berglind Freyja Búadóttir, nemandi í Háskólabró Keilis, fór yfir sinn námsferil, sem sjóðirnir hafa styrkt, allt frá þátttöku í Grunnmenntaskólanum yfir í Háskólabró Keilis, og uppskar mikið lof fyrir sitt innlegg. Er óhætt að segja að frásögn hennar hafi hrifið alla þátttakendur. Í lokin kom Brian Daniel Marshall, fræðslustjóri Norðuráls í pontu og fór yfir fræðslustarf félagsins sem er víðtækt og fjölbætt.

Í lok ráðstefnunnar fóru fram pallborðsumræður með þátttöku þeirra Hjördísar Þ. Sigurþórsdóttur, formanns AFLs starfsgreinafélags og stjórnarmanns í Landsmennt, Jóns Þóris Frantzsonar, forstjóra ÍGF, Sigurðar Bessasonar, formanns Eflingar stéttarfélags og Auðar Þórhallsdóttur, fræðslustjóra Samskips.

Þeim bar öllum saman um fræðslusjóðirnir væru komnir til að vera, að þeir hefðu unnið feikigott starf og hlúa þyrfti að þætti menntunar og þjálfunar, ekki síst á erfiðum tímum í atvinnulífi landsmanna. Umræðurnar voru líflegar og áheyrendur í sal tóku þátt með því að beina spurningum og athugasemdum til pallborðsins.

Fjárhagur Landsmenntar

Fjárhagur Landsmenntar stendur enn nokkuð traustum fótum en það gekk á eignir sjóðsins þetta árið. Tekjur jukust á milli ára um tæpar 7 milljónir og þrátt fyrir erfiðleika á fjármáلامarkaði hefur tekist að halda fjármagnstekjum á þokkalegu róli með markvissri ávöxtun í ríkistryggðum bréfum og á innlánsreikningum með sérkjörum. En útgjöldin jukust einnig á milli ára enda mikil ásókn í styrkveitingar sjóðsins hjá aðildarfyrirtækjum og félögum. Sú mikla aukning sem varð á styrkveitingum á milli ára hefur gert það að verkum að eignir sjóðsins hafa minnkað en lækkun á hreinni eign á árinu 2011 voru rúmar 27 milljónir króna og standa því eignir sjóðsins í tæpum 100 milljónum í lok ársins.

Þetta verður að teljast viðunandi staða í ljósi aðstæðna. Þá er greinilegt að vel gengur að innheimta fræðslugjaldið í sjóðinn hjá langflestum aðildarfyrirtækjunum en sú innheimta fer fram hjá aðildarfélagunum gegn 3% þóknun frá Landsmennt.

Gera má ráð fyrir því að starfsemi sjóðsins verði nokkuð stöðug á árinu 2012 en hugsanlega hefur toppnum verið náð í fjölda verkefna á þessu ári. Árið 2012 fór kröftuglega af stað hvað varðar ásókn í sjóðinn en innstreymi tekna (fræðslugjald skv. kjarasamningi) hefur verið stöðugt og er innheimtukerfi stéttarfélaganna mjög skilvirkt að þessu leyti. Þá var ráðinn starfsmaður á árinu en við það jukust rekstargjöld eðlilega.

Ávöxtun fjár verður með sama hætti og á liðnu ári, þ.e. ákveðið magn upphæðar í ríkistryggðum verðbréfum ásamt fjármagni á innlánsreikningum á sérkjörum. Viðskipti Landsmenntar fara fram hjá Íslandsbanka.

Lokaorð

Landsmennt var stofnað í tengslum við kjarasamninga í apríl 2000 en eiginleg starfsemi sjóðsins hófst ekki fyrr en í upphafi ársins 2001. Meginmarkmið sjóðsins hefur ávallt verið það sama þ.e. að sinna stuðningsverkefnum og þróunar- og hvatningaraðgerðum í starfsmenntun, styrkja rekstur námskeiða og nýjungar í námsefnisgerð og veita einstaklingum, verkálýðsfélögum og fyrirtækjum styrki vegna starfsmenntunar. Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir þeim styrkjum sem veittir hafa verið á árinu 2011. Auk þess er rakin þróun veittra styrkja á þeim tíma sem sjóðurinn hefur starfað.

Landsmennt var strax vel tekið og greinileg þörf var fyrir sjóð sem styrkti fólk með litla formlega menntun til aukinnar menntunar og oftast en ekki hefur eitt lítið námskeið verið fólki hvatning til að sækja sér frekari menntun. Það er mjög ánægjulegt að sjá að þrátt fyrir samdrátt í samfélaginu undanfarin tvö ár hefur fjöldi veittra styrkja verið nálægt meðaltali undanfarinna ára.

Íslendingar vilja státa af öflugum menntakerfi bæði hinu formlega og hinu óformlega en það síðarnefnda hefur elfst til mikilla muna undanfarin misseri. Í frétt frá Hagstofu Íslands, sem birtist á árinu kemur fram að að rúmlega 70 þúsund manns á aldrinum 16 – 74 ára, hafi sótt sér einhvers konar fræðslu, eða símenntun árið 2010. Á síðustu 8 – 9 árum hefur þetta hlutfall farið hækkandi. Konur eru duglegri en karlmenn að sækja sér símenntun. Einnig kemur sú ánægjulega staðreynd fram í fréttinni að þátttaka hér á landi í símenntun er mikil miðað við önnur lönd í Evrópu. Öflugt menntakerfi er undistaða samkeppnishæfu atvinnulífi á sama hátt og það hefur áhrif á stöðu einstaklinga á vinnumarkaði og um leið á þeirra félagslegu stöðu í samfélaginu.

Þótt vel hafi miðað á þessum vettvangi þá gildir hið fornkvæða, að betur má ef duga skal. Í því sambandi er rétt að hafa það sterklega í huga að námi lýkur aldrei það stendur yfir frá vöggu til grafar. Það verður því enn hlutverk fræðslusjóða að styðja við menntun í fyrirtækjum, starfsemi þeirra og starfsmönnum til framfara.

Það er skoðun skýrsluhöfunda að með nýjum lögum framhaldsfræðslu, sem tóku gildi á árinu 2010, hefur allt það góða samstarf sem þróast hefur undanfarin ár orðið mun markvissara. Það meginmarkmið að veita fólki á vinnumarkaði eða í atvinnuleit með litla grunnmenntun, tækifæri til að afla sér menntunar til að bæta stöðu sína í okkar samfélagi. Fræðslusjóðirnir hafa og munu leika stórt hlutverk í þessu víðtæka samstarfi nú sem endranær.

Reykjavík, maí 2012

Kristín Njálsdóttir, framkvæmdastjóri
Eyjólfur Bragason, verkefnastjóri